

### III. HVERNIG NOTA SKAL LITLA-KOMPÁS

*„Börn geta ekki fræðst um mannréttindi í umhverfi þar sem mannréttindi eru hvorki virt né kynnt. Það mikilvægasta sem kennari getur gert til að barn skilji hvað felst í mannréttindum er að skapa rétt umhverfi.“*

#### Hafist handa

Þessum kafla er ætlað að veita þér, kennaranum eða leiðbeinandanum, hagnýtar upplýsingar um notkun *Litla-Kompás*. En þú mátt ekki láta of margar spurningar um „hvernig“ eða „hvort“ draga úr þér kjarkinn. Enginn þekkir aðstæður þínar og börnin sem þú starfar með betur en þú sjálf(ur). Nýttu þær upplýsingar og ráðleggingar sem koma þér að gagni og láttu börnin vinna verkefni. Þegar spurningar vakna er hugsanlegt að þú finnur svör við þeim hér. Með því að skapa umhverfi þar sem mannréttindi barna eru virt og kynnt læra börnin um mannréttindi.

Ólíkt námsefni í almennri námskrá var *Litli-kompás* byggður þannig upp að hægt væri að nota hann við allar þær aðstæður sem bjóða upp á menntun um mannréttindi, allt frá sumarbúðum og félagsstarfi utan hefðbundins skólatíma til æskulýðshópa og skoðunarferða, svo og innan hefðbundinnar skólustofu. Þó að ýmis verkefni bókarinnar krefjist nokkurs undirbúnings er hægt að vinna þau nánast hvar og hvenær sem er. Að vera fundvís á hvenær börn eru móttækilegust fyrir því að læra um mannréttindi – sem gæti verið þegar ágreiningur kemur upp í hópnum en einnig þegar hópurinn vill gera sér glaðan dag – er hluti af listinni að kenna og leiðbeina: þinni list.

Efirfarandi málefni eru hér til umfjöllunar:

- Markmið með *Litla-kompás*
- Reynslunám
- Hlutverk kennarans eða leiðbeinans
- Hugsana- og námsstíll
- Þroskastig barna
- Hvernig eru verkefni í *Litla-kompás*?
- Barnasáttmálinn sem undirstaða
- Verkefni valin
- Verkefni aðlöguð aðstæðum
- Ábendingar um hvernig efla má þátttöku
- Ráð og ábendingar til kennara/leiðbeinenda
- Mannréttindamenntun í verki

Nánari umfjöllun um mannréttindamenntun er að finna í 1. hluta II. kafla, bls. 25.



## Markmið með Litla-kompás

Leitast er við að þroska með börnum þá þekkingu, hæfni, gildi og viðhorf sem nauðsynleg eru til að geta verið þátttakandi í samfélaginu; að þau þekki og verndi eigin rétt jafnt sem annarra. Þannig geta þau lagt sitt af mörkum til mannréttindamenningar.


Til að þessu markmiði verði náð eru verkefnin í bókinni byggð upp á eftirfarandi hátt:

- Gengið er út frá þeirri þekkingu sem þegar er til staðar hjá börnunum við leit að nýjum hugmyndum og sjónarmiðum;
- Börnin eru hvött til að taka virkan þátt í umræðum og læra eins mikið hvert af öðru og unnt er;
- Þeim er gert kleift að nota kunnáttu sína á einfaldan en skynsamlegan og viðeigandi hátt til stuðnings réttlæti, jafnrétti og mannréttindum;
- Grunn­gildi **Barnasáttmálans** eru höfð að leiðarljósi og stuðlað að mannréttindamenningu meðal barna.

Viðhorf og gildi sem tengjast samskiptum, gagnrýninni hugsun, stuðningi, ábyrgð, umburðarlyndi og virðingu gagnvart öðrum er ekki hægt að innprenta fólki; slíkt verður reynslan að kenna. Þess vegna stuðla verkefnin í *Litla-kompás* að samvinnu, þátttöku og virku námi. Þau miða að því að börnin leggi sig fram af lífi og sál. Aðeins þau börn sem skilja að mannréttindi eru meðal grunnþarfa manneskjunnar og finna til samkenndar með öðru fólki munu sjálf sýna þá ábyrgðartilfinningu að standa vörð um réttindi annarra.

## Reynslunám

Hvernig verður slíkur skilningur og samkennd til hjá barninu? Mannréttindamenntun er menntun sem gengur út á breytingar, bæði persónulegar og félagslegar. Til að þessar breytingar eigi sér stað er námsferlinu skipt niður í fimm áfanga:



Enda þótt þessir áfangar kunni ekki alltaf að vera augljósir, eða vera í þessari röð, liggja þeir að baki öllum verkefnunum í *Litla-kompás*.

Reynslunám af þessum toga gerir börnum kleift að móta þekkingu sína, hæfni, viðhorf og gildi við kjör­aðstæður sem eru í senn ögrandi og skemmtilegar. Þar sem reynslunám er staðfesting á reynslu barns­ins og hvetur börn til að axla ábyrgð á eigin námi stuðlar það að aukinni þátttöku þeirra og sjálfsöryggi. Í hverjum áfanga þessa námsferlis er reynsla barna virt og þau hvött til að tjá sig, skoða, ígrunda, spyrja og draga ályktanir.



## Að upplifa

Í fyrsta áfanganum er ekki miðað að því að fá fram „rétt svör“, heldur örva þær skoðanir, hugmyndir og tilfinningar sem hvert barn býr yfir. Í flestum tilvikum eiga svörin fremur rætur að rekja til reynsluheims barnsins en þess sem það hefur lært í skólanum. Sem dæmi má nefna að í verkefninu „Einu sinni var ...“, bls. 78, gera börnin sér grein fyrir staðalmyndum kynjanna þegar þau heyra sögu sem þau þekkja vel, en þar sem kynhlutverkum er víxlað. Í „Alþjóðlegum sumarbúðum“, bls. 56, verða börnin að horfast í augu við eigin ómeðvituðu fordóma við þær kunnuglegu aðstæður að velja sér leikfélaga.

## Að segja frá

Í öðrum áfanganum eru börnin hvött til að tjá sig um tilfinningar sínar og viðbrögð. Sem dæmi má nefna að í undirkaflanum „Samantekt og mat“ sem fylgir öllum verkefnum bókarinnar svara börnin spurningum á borð við „Hvað fannst þér um þetta verkefni?“, „Hvernig leið þér við þessa upplifun?“ eða „Hvað gerðist í þessum leik?“ Opnar spurningar af þessu tagi bjóða upp á ýmsar persónulegar skoðanir í hlutlausu samhengi.

Samantektin er afar mikilvægur liður. Ef ekki fæst nægilegur tími til að ræða um svörin sem börnin gefa og tengja þau afdráttarlaust mannréttindum er verkefnið í besta falli einungis leikur, skemmtileg reynsla sem kann þó að gleymast fljótt. Í versta falli getur það ýtt undir neikvæð viðhorf og staðalmyndir, ruglað börnin í ríminu, eða jafnvel vakið sársaukafullar tilfinningar, sé ekki tekist á við þær. Hafir þú ekki tíma fyrir ítarlega samantekt skaltu sleppa verkefninu.

## Að ígrunda

Í þriðja áfanganum er reynsla barnanna af verkefninu að baki og þau ræða hugmyndafræðileg áhrif þess. Í umræðum í kjölfar fjörugra leikja getur til dæmis komið fram að börnunum finnist leikurinn sýna útlendingahatur. Í verkefninu „Kökuskrímlið“, bls. 119, upplifa börnin hve mikilvægt það er að vinna saman, en í umræðunum sem síðan fara fram þurfa þau að koma orðum að þeirri uppgötvun sinni. Með því að spyrja spurninga á borð við „Hefurðu upplifað eitthvað þessu líkt áður?“ eða „Þekkirðu einhvern þessum líkan?“ eiga þau auðveldara með að átta sig á samhenginu.

## Að alhæfa

Í fjórða áfanga er verkefnavinnan tengd „veruleikanum“ almennt, einkum því hvernig fólk upplifir mannréttindi í daglegu lífi. Að hermileik loknum, svo sem „Með bundið fyrir augu“, bls. 143, eða „Mál-laus ræðumaður“, bls. 140, ræða börnin um hvernig líkamleg fötlun getur orðið til þess að barn njóti ekki mannréttinda sinna til fulls. Þriðji og fjórði áfangi fá börnin til að hugsa sjálfstætt og þeim gefst kostur á að læra hvert af öðru. Einstaklingsbundið er hvaða lærdóm fólk dregur af hlutunum, börnin læra ekki öll það sama þótt þau vinni að sama verkefninu og ræði um það sín á milli og taka þarf tillit til þess.

## Að fileinka sér

Í fimmta áfanganum kanna börnin hvað þau geti sjálf gert varðandi mannréttindamál. Það er ekki einungis rökrétt í þessu lærdómsferli að gera eitthvað sjálfur, heldur mikilvæg leið til að auka þekkingu, færni og viðhorf sem skapa grundvöllinn fyrir næsta áfanga í ferlinu. Það er einnig lykilatriði virkrar þátttöku í lýðræðisríki: hver og einn skiptir máli, jafnvel á barnsaldri. Í verkefninu „Stjórnarskráin okkar“, bls. 175, eru börnin til dæmis látin setja fram sín eigin réttindi og skyldur, vísa til þeirra við lausn á ágreiningsmálum og endurskoða þau á lýðræðislegan hátt eftir þörfum. Verkefnið „Hvert atkvæði skiptir máli“, bls. 107, hvetur börnin einnig til að leita lýðræðislegra leiða við ákvarðanatökur.





Þó að verkefnum bókarinnar sé ætlað að vekja áhuga barna og vera skemmtileg eru þau mjög markviss og gera börnum kleift að nota það sem þau hafa lært í félagslegu samhengi. Flestum verkefnunum fylgir undirkaflinn „Hugmyndir um aðgerðir“. Aðgerð getur verið einstaklingsbundin og barn getur fundið henni stað í eigin persónulega lífi, svo sem með nýju viðhorfi gagnvart systkinum sínum. Fleiri geta einnig staðið að aðgerðum þar sem búnað er til nýjar reglur fyrir bekkinn eða fundin leið til að leysa ágreining á skólalóðinni. Á netinu er einnig að finna nýjar og einfaldar hugmyndir um hvernig börn geta „gripið til aðgerða“ á sviði almennra mannréttindamála. Til dæmis er hægt að finna slíkar hugmyndir á vefsvæðum frjálsra félagsamtaka sem helga sig mannréttinda- og umhverfismálum.

En hvert eða hvernig svo sem framtakið er, þá er skilyrði að börnin vilji taka til hendinni og séu sjálf við stjórnvölinn. Kennarinn/leiðbeinandinn getur hvatt þau áfram og aðstoðað þau við að finna sér við-eigandi viðgangsefni. En þau verða sjálf að eiga frumkvæðið. Að öðrum kosti læra börnin ekki að taka virkan þátt í samfélaginu, heldur einungis að fylgja því sem yfirboðarinn segir.

Mjög mismunandi getur verið, jafnvel í fámennum hópum, hversu tilbúin og fús börnin eru til að sýna framtakssemi. Og ekki er víst að allir sem hafa áhuga á að gera eitthvað vilji samt gera það sama og hinir. Kennarinn/leiðbeinandinn verður því að aðstoða börnin með því að setja fram ýmsa kosti þannig að komið sé til móts við getu þeirra og áhuga.

Kennarinn/leiðbeinandinn gegnir einnig mikilvægu hlutverki að því leyti að hann verður að fá börnin til að byggja hugmyndir sínar á eigin reynslu, einkum og sér í lagi tengja viðfangsefnið mannréttindum. Þau komast ef til vill sjálf að því að skólinn þeirra ætti að taka betur á móti nýjum nemendum en þurfa kannski hjálp kennarans/leiðbeinandans við að setja þá hugmynd sína í samhengi við mannréttinda-regluna um að engum skuli mismunað.

## Hlutverk kennarans og leiðbeinandans

Í bókinni er orðið *kennari* og *leiðbeinandi* notað jöfnum höndum um þá sem undirbúa, kynna og samræma verkefni og skapa aðstæður til að börnin geti lært um mannréttindi, upplifað þau og prófað sig áfram. Kennarinn/leiðbeinandinn sviðsetur umfjöllunarefnið, skapar umhverfi þar sem mannréttindi eru virt og börnin eru aðalleikararnir á sviðinu. Ekkert umhverfi hentar þó fullkomlega til mannréttindamenntunar. Jafnvel er hægt að draga lærdóm af þeim aðstæðum þegar börnin brjóta á réttindum hvers annars. Það fer fyrst og fremst eftir lagni, færni og reynslu kennarans/leiðbeinandans hversu vel tekst til við verkefnavinnuna.

Mörgum kann að þykja þær aðferðir sem gert er ráð fyrir í verkefnavinnunni með börnunum framandi, of krefjandi og jafnvel óþægilegar. Þeir líta á hið hefðbundna hlutverk sitt sem „leiðtogi“ eða „kennari“ sem sjálfsagðan hlut. Flest börn líta einnig á það sem sjálfsagt að það sé fullorðna fólk sem miðlar öllum upplýsingum, börn eru þó fljótari til að axla ábyrgð á eigin námi en kennarinn til að afsala sér hlutverki sínu sem yfirboðari og sérfræðingur. Þessi nálgun er þó ekki erfið og flestir „læra af reynslunni“, að því gefnu að þeir átti sig á hvað felst í einstaklingsmiðuðu reynslunámi og taki það gott og gilt. Listin að kenna og leiðbeina eftir þeim aðferðum sem hér eru notaðar krefst ekki einungis breyttrar áherslu í starfi, heldur einnig mikils sjálfsskilnings. Þar sem börn verða fyrir miklum áhrifum af því hvernig hinir fullorðnu sem þau umgangast hegða sér, verða kennarar og leiðbeinendur að gæta þess að sýna gott fordæmi varðandi þau mannréttindagildi sem þeir vilja miðla. Verkefni um staðalmyndir kynjanna þjónar til dæmis engum tilgangi ef kennarinn/leiðbeinandinn gerir að öllu jöfnu upp á milli kynjanna. Þess vegna verða kennarar/leiðbeinendur að gera sér ljósa, viðurkenna og takast meðvitað á við eigin fordóma og hlutdrægni, ekki síst ef þeir beinast að börnunum.

**SPURNINGAR:** *Allar manneskjur eru með fordóma! Hvaða fordóma ert þú með? Gætu einhverjir þeirra haft áhrif á börnin sem þú vinnur með? Hvað getur þú gert til að takast á við þessa fordóma?*



## Hugsana- og námsstíll

Til að geta örvað hæfileika og áhuga barna er mikilvægt að kennarar og leiðbeinendur geri sér grein fyrir því hve hugsanagangur og námsaðferðir fólks eru mismunandi, þar á meðal þeirra eigin. Þó að öll höfum við blandaðan hugsana- og námsstíl er þó einn stíll ríkjandi hjá hverjum og einum.

### Hver er hugsanastíll þinn?

- **Nemendur með næmt sjónskyn** hafa tilhneigingu til að lýsa heiminum á myndrænan hátt. Þeir segja gjarnan setningar eins og „ég sé hvað þú meinar“.
- **Nemendur með næmt heyrnarskyn** muna helst það sem þeir heyra og nota gjarnan setningar eins og „það hljómar spennandi“.
- **Fólk með næmt hreyfiskyn** hefur tilhneigingu til að muna hluti með því að tengja þá tilfinningum, bæði andlegum og líkamlegum. Þeir segja kannski setningar á borð við „mér líst vel á það, drifum í því“.

### Hver er uppáhalds- eða ríkjandi námsstíll þinn?

- **Athafnasamir einstaklingar** eiga auðveldast með að draga lærdóm af nýrri reynslu, vandamálum eða tækifærum. Þeim finnst gaman í alls konar leikjum, hópverkefnum og hlutverkaleik. Þeim er ekki lagið að vera þöglir viðtakendur í námi og sitja einir við að lesa eða leita upplýsinga og grafast fyrir um smáatriði.
- **Grúskarar** eiga auðveldast með að læra þegar þeir geta velt einhverju verkefni fyrir sér. Þeim finnst gaman að rannsaka hlutina, skoða hvað hefur gerst og hvað þeir hafa lært af því. Þeir vilja hvorki láta þvinga sig inn í sviðsljósið, ef þeir hafa fengið ónógar upplýsingar sem draga þarf ályktanir af, né stytta sér leið og skila yfirborðslegum niðurstöðum.
- **Hugmyndasmiðir** eiga auðveldast með að læra þegar það sem þeir eru að fást við er hluti af kerfi, líkani, hugmynd eða kenningu. Þeir vilja vinna við skipulegar aðstæður, hafa skýr markmið og glíma við spennandi hugmyndir. Þeim finnst yfirleitt óþægilegt að taka þátt í verkefnum sem tengjast tilfinningum.
- **Raunsæismenn** eiga auðveldast með að læra af viðfangsefnum sem augljóst er að tengjast raunverulegum vandamálum og þeir geta nýtt sér það sem þeir hafa lært. Þeir eru á móti því að stunda nám sem þeim finnst ekki tengjast raunveruleikanum og byggist „bara á fræðikenningum og almennum lögmálum“.

**SPURNINGAR:** Reyndu að rifja upp hver var uppáhaldskennarinn þinn, þjálfarinn eða leiðbeinandinn. Hvað var það í fari þeirrar manneskju sem auðveldaði þér námið? Er samhengi á milli samskiptastíls hennar og þess hvernig þú hugsar og lærir? Flestum er eiginlegt að kenna og vinna með hópum á þann hátt sem samræmist eigin hugsana- og námsstíl. Á það við um þig?

- Hvers konar nemendum næðir þú bestum árangri með?
- Hvers konar nemendur ættu erfiðast með að læra af þér?
- Hvernig getur þú breytt samskiptastíl þínum þannig að þú náir til fleiri nemenda?

Raunin er sú að allir hugsa og læra á fleiri en einn hátt. Kennarinn/leiðbeinandinn kynnist alls konar námsstílum og mismunandi þörfum í öllum hópum þar sem börn eru samankomin. Hafðu það í huga þegar þú velur verkefni í Litla-kompás; gættu þess að þau séu nægilega fjölbreytt og henti þannig öllum börnunum sem þú vinnur með, komi til móts við námsstíl þeirra og þarfir.



Mismunandi hugsanaháttur og námsaðferðir geta líka haft áhrif á það hvernig verkefni ganga og hvernig börnin vinna úr þeim og meta þau. Sjá má að börnin taka mismikinn þátt og ná mismunandi árangri í sama verkefninu. Sum börn eru líklegri til að svara spurningunum í samantektinni en önnur. Einnig skal hafa hugfast að hugsana- og námsstílar kunna aðeins að skýra þennan mismun að hluta til. Ýmsir óviðráðanlegir þættir valda því að sama verkefnið getur kallað fram mismunandi viðbrögð hjá sömu börnunum eftir því hvenær það er unnið! Eftir því sem þú kynnist verkefnum bókarinnar betur verður þú færari um að átta þig á þessum ólíku viðbrögðum.

## Proskastig barna

Verkefni bókarinnar eru ætluð börnum á aldrinum sex til þrettán ára en mörgum þeirra má hæglega breyta þannig að þau henti bæði yngri og eldri aldurshópum, sem og fullorðnum. Best er að hefja mannréttindamenntun snemma því enda þótt gildismat og viðhorf ungra barna sé mjög ákveðið eru þau einnig móttækileg fyrir nýjum viðhorfum og reynslu. Það tekur mörg ár að móta gildi á borð við virðingu fyrir öðrum og umburðarlyndi gagnvart fjölbreytileika eða færni á borð við samkennd og gagnrýnn hugsanahátt. Það er aldrei of snemmt að hefjast handa.

Börn eru jafnframt afar háð leiðsögn og stuðningi fullorðinna, einkum fjölskyldu sinnar, umönnunar- aðila og kennara, og einnig jafnaldra sinna. Ekki er víst að sum þeirra mannréttindagilda og viðhorfa sem hér eru höfð í heiðri samræmist þeim gildum og viðhorfum sem börn kynnast á öðrum vettvangi. Með því að greina foreldrum, kennurum eða ráðamönnum í samfélaginu frá þeim markmiðum og aðferðum sem hér um ræðir má koma í veg fyrir hugsanlega togstreitu. Kennarar og leiðbeinendur þurfa að vera vakandi fyrir því að slík togstreita kunni að koma upp innra með börnunum, heima hjá þeim, í skólanum eða umhverfi þeirra almennt. En í öllum tilvikum ætti aldrei að setja börnin í þá aðstöðu að vera miðpunktur slíkrar togstreitu, sama á hvaða þroskastigi þau eru.

Hvert barn er einstakt, en á eftirfarandi lista eru teknir saman helstu eiginleikar þessara aldurshópa. Reyndur kennari/leiðbeinandi þarf að gera sér grein fyrir því á hvaða þroskastigi hópurinn er og velja og/eða laga verkefnið að líkamlegum, vitsmunalegum, tilfinningalegum og félagslegum þroska barnanna.

### 6 til 7 ára gömul börn

#### Líkamlegur þroski

- hafa gaman af verkefnum sem unnin eru utandyra í stuttum og hressilegum skorpum
- vilja helst vinna sín verk með höndunum, einkum þegar þau auka tiltekna líkamlega færni

#### Vitsmunalegur og tilfinningalegur þroski

- finnst gaman að spjalla en halda athyglinni ekki lengi og eiga erfitt með að hlusta á aðra
- eru mjög forvitin
- læra mest af líkamlegri reynslu
- eiga erfitt með að taka ákvarðanir
- geta lesið og skrifað en sú geta er enn á byrjunarstigi
- eru afar hugmyndaárík og eiga auðvelt með að bregða sér í hlutverk og ímynda sér hlutina
- finnst gaman að sögum um vináttu og ofurhetjur
- eru hrifin af teiknimyndapersónum

#### Félagslegur þroski

- hafa mikið keppnissskap
- finnst stundum erfitt að vinna með öðrum



## 8 til 10 ára börn

### Líkamlegur þroski

- virðast hafa ótæmandi líkamlega orku

### Vitsmunalegur og tilfinningalegur þroski

- finnst gaman að læra eitthvað nýtt en þó ekki endilega til hlítar
- verða meðvitaðri um ágreining og ójöfnuð meðal annarra
- finnst gaman að leysa vandamál
- finnst gaman í spurningaleikjum
- geta orðið mjög svekkt ef verkefni stendur ekki undir væntingum þeirra

### Félagslegur þroski

- verða sjálfstæðari en hafa samt þörf fyrir stuðning
- finnst gaman að spjalla og ræða mál in við jafnaldra sína
- geta verið mjög gagnrýnin á bæði sjálfa sig og aðra
- eru orðin hæfari til að vinna saman
- finnst gott að tilheyra hópi
- fara að dást að raunverulegum hetjum, sjónvarpsstjörnum og íþróttamönnum í stað teikni-myndapersóna

## 11 til 13 ára börn

### Líkamlegur þroski

- þroskast mikið líkamlega, þótt slíkt sé afar mismunandi eftir einstaklingum, og það getur valdið feimni og vanlíðan

### Vitsmunalegur og tilfinningalegur þroski

- hæfni til að hugsa á óhlutbundnari hátt eykst mikið
- hafa gaman af að rökræða og spjalla
- finnst sumir leikir fyrirsjáanlegir og leiðinlegir; vilja frekar fást við flókin verkefni þar sem gera þarf sérstaka áætlun og búa eitthvað til
- eiga það til að sýna fullkominaráráttu í því sem þau taka sér fyrir hendur
- fara að átta sig á því að líta má á frásögn eða atburð frá fleiri en einu sjónarmiði
- sýna aukinn áhuga á atburðum líðandi stundar

### Félagslegur þroski

- hafa vaxandi áhuga á umheiminum almennt
- finnst gaman að láta reyna á eigin takmörk og annarra
- geta blandað saman gamni og alvöru
- verður meira umhugað um hvernig aðrir líta á þau
- finnst gaman að læra af fyrirmyndum
- fara að vinna að flóknari leikjum í hópum og teyllum
- finnst gaman að vinna saman að sameiginlegum markmiðum
- eru undir miklum áhrifum af viðhorfum og hegðun jafnaldra sinna.





## Hvernig eru verkefni í Litla-kompás?

Verkefni bókarinnar miða að því að börnin læri um mannréttindi af reynslunni og við ýmiss konar aðstæður, beiti alls konar námsstílum og séu á mismunandi þroskastigi. Verkefni hefjast á einhverjum óhlutbundnum, ímynduðum aðstæðum sem sameina börnin sem hóp, en þegar kemur að samantekt á niðurstöðum og mati fara þau að vinna á persónulegan og einstaklingsbundinn hátt. Ýmsir sérfræðingar líta svo á að samantektin og matið sé mikilvægustu þættir hvers verkefnis. Án þeirra væru verkefni í *Litla-kompás* bara eins og hver önnur verkefni. En mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að þótt ekki sé gott að láta tækifæri til að læra um mannréttindi ónotað er mun verra að sleppa samantektinni; staðalmyndir verða þá ýktari og þær tilfinningar sem verkefni kann að vekja hjá börnum að engu gerðar. Þar sem óformleg fræðsla af þessu tagi höfðar mjög mikið til tilfinninga geta tiltekin mannréttindamál komið óþægilega við sum börn og það sem þau upplifa í eigin lífi. Kennarar og leiðbeinendur þurfa að gæta vel að því þegar þeir velja verkefni fyrir hópinn.

Öll verkefni bókarinnar eru þannig framsett að auðvelt ætti að vera að velja og nota þau verkefni sem henta hópnum best. Gefin eru dæmi um spurningar til að vekja umræður og bent er á hvernig leiðbeina skuli börnunum og laga verkefnið að aðstæðum. Einnig fylgja tillögur um framhaldsverkefni sem hóp-urinn getur unnið að og tengjast þeim mannréttindamálum sem fjallað er um hverju sinni.

<h3>Heiti verkefnis</h3> <p>undirtitill sem lýsir verkefninu</p>	
<b>Málefni</b>	Mannréttindamálin sem fjallað er um í verkefninu (sjá V. kafla, bls. 205, þar sem gerð er grein fyrir þessum málefnum). Þrjú málefni eru yfirleitt til umfjöllunar í hverju verkefni; þá má leggja áherslu á það efni sem stendur börnunum næst. Málefni gefa einnig til kynna fylgni milli ýmissa mannréttindamála og hvernig þau tengjast innbyrðis.
<b>Þyngdarstig</b>	Verkefni eru flokkuð í stig 1, 2 eða 3 eftir því hve mikið börnin þurfa að kunna eða geta, hver markmiðin eru, hve ítarlega er fjallað um viðfangsefnið, hve flóknar reglur gilda, hver tímaramminn er og eftir hugsanlegum áhættuþáttum og sveigjanleika hópsins. Því flóknara sem verkefnið er, þeim mun erfiðara er að ná settum markmiðum. En ýmsum verkefnum má breyta þannig að þau verði flóknari eða einfaldari en ella. Fleiri möguleikar eru líka yfirleitt fólgnir í flóknum verkefnum, þau eru efnismeiri og skila þar með meiri árangri.
<b>Aldur</b>	Sá aldurshópur sem þetta verkefni hentar fyrir.
<b>Tími</b>	Áætlaður meðaltími sem það tekur að vinna verkefnið og taka saman niðurstöður. Það getur farið eftir ýmsu hve langan tíma verkefnið tekur í raun, svo sem stærð hópsins og þroska barnanna.
<b>Hópstærð</b>	Hámarksfjöldi þátttakenda í verkefninu.
<b>Tegund verkefnis</b>	Þær aðferðir sem beita skal í verkefnisvinnunni (t.d. hlutverkaleikur, teikningar, umræður, borðspil).
<b>Yfirlit</b>	Stutt samantekt á því út á hvað verkefnið gengur.
<b>Markmið</b>	Sá árangur sem ætlast er til að verkefnið skili með tilliti til þekkingar, færni, viðhorfa og aðgerða eða hegðunar í þágu mannréttinda.
<b>Undirbúningur</b>	Listi yfir það sem gera þarf áður en verkefnavinnan hefst.
<b>Efniviður</b>	Listi yfir efnivið sem þarf til að vinna verkefnið.
<b>Leiðbeiningar</b>	Ítarlegar leiðbeiningar um hvernig verkefnið skal skipulagt og unnið.





<b>Samantekt og mat</b>	Umræðuefni sem snúast um verkefnið; fjallað er almennt um þær meginhugmyndir sem að baki liggja og hvernig þær tengjast mannréttindum. Samantektin er mikilvægasti liðurinn í verkefninu og henni ætti aldrei að sleppa.
<b>Tillögur um framhald</b>	Áframhaldandi hópvinna eða önnur verkefni í bókinni sem fylgja þessu verkefni eftir.
<b>Hugmyndir um aðgerðir</b>	Tillögur um leiðir til að vinna enn frekar að þeim málefnum sem verkefnið fjallaði um.
<b>Ábendingar til kennara/leiðbeinanda</b>	Tillögur um hvernig breyta má og/eða bæta verkefnið eða komast hjá hugsanlegum vandamálum.
<b>Nánari upplýsingar</b>	Viðbótarupplýsingar sem koma sér vel í verkefnavinnunni.
<b>Efni til dreifingar</b>	Efniviður sem nota þarf (t.d. hlutverkaspjöld, spjöld sem lýsa aðstæðum, teikningar, kort).

## Barnasáttmálinn sem undirstaða

Öll verkefni í þessari bók tengjast Barnasáttmálanum beint eða óbeint. Í nokkrum þeirra er sáttmálinn kynntur fyrir börnunum (t.d. í „Réttindum kanínunnar“, bls. 165, og „Siglt til framandi strandar“, bls. 167). Í öðrum er gengið út frá þessari kynningu til að börnin átti sig betur á réttindum sínum (t.d. í „Mannréttindadagatali“, bls. 126, „Fréttaumfjöllun um mannréttindi“, bls. 86, og „Mannréttindi sett á kortið“, bls. 137). Í nokkrum ögn flóknari verkefnum þurfa börnin að taka afstöðu til þess hver mannréttindi þeirra eru eða nefna tiltekin réttindi (t.d. í „Borðspili“, bls. 62).

Þar sem Barnasáttmálinn er þungamiðja bókarinnar þurfa leiðbeinendurnir að þekkja hann vel og geta útskýrt fyrir börnunum út á hvað hann gengur. Í bókinni er stytta útgáfa af Barnasáttmálanum sem ætluð er börnum (Viðauki 4., bls. 288). Þar sem nota þarf þá útgáfu í ýmsum verkefnum er góð hugmynd að plashúða eintök af henni sem hægt er að nota aftur og aftur. Einnig er hægt að búa til veggspjald og hengja það upp þar sem verkefnavinnan með börnunum fer fram, þannig að auðvelt sé að benda á það.

Barnasáttmálinn inniheldur nokkur flókin hugtök sem nauðsynlegt er að útskýra fyrir börnunum:

**Virðing:** Ein grundvallarregla mannréttinda er að allir séu jafn bornir til virðingar og réttinda. Ef til vill þarf að hjálpa börnunum að orða þetta á einfaldan hátt.

**Mismunur:** Önnur grundvallarregla sem kveðið er á um í öllum helstu mannréttindasamningum er rétturinn til að sæta ekki mismunur. 2. grein Barnasáttmálans bannar mismunur á ýmsum tilteknum sviðum sem ekki er víst að börnin skilji til fulls:

- Vegna kynþáttar.
- Vegna þjóðernis, félagslegrar stöðu, eigna („félagslegra eða efnahagslegra aðstæðna“).
- Vegna ætternis eða annarra aðstæðna, m.a. hvort börn eru fædd innan eða utan hjónabands.

**Vaxandi þroski:** Þetta orðalag í 5. greininni vísar til sívaxandi hæfni barnsins til að beita rétti sínum þegar það verður eldra og hæfara til að taka ábyrga afstöðu og dæma sjálft um hlutina.

**Flóttamaður** („sá sem fer til annars lands vegna þess að hann óttast um öryggi sitt í eigin heimalandi“): 22. grein fjallar um flóttamenn. Flest börn (og margir fullorðnir) gera ekki greinarmun á innflytjanda, sem leitar á nýjar slóðir til að skapa sér nýtt líf, og flóttamanni, einstaklingi sem hefur yfirgefið heimaland sitt vegna þess að hann hefur rökstudda ástæðu til að óttast ofsóknir og ofbeldi. Ólíkt innflytjendum vilja flestir flóttamenn snúa aftur heim til sín þegar þeim er ekki lengur ógnað og þeir eiga rétt á stuðningi frá stjórnvöldum þess lands sem þeir flúðu til. Einnig þarf að útskýra að ekki sé litið á fólk sem neyðist til að yfirgefa heimili sín en dvelur samt áfram í eigin landi sem flóttamenn heldur sem „fólk á vergangi“.

Ef til vil þarf að ræða um eftirfarandi hugtök sem notuð eru í styttri útgáfu Barnasáttmálans, bæði til



að skilja merkingu þeirra og hvers vegna þau eru mikilvæg í tengslum við mannréttindi. Sum hugtök hafa fleiri en eina merkingu sem börn vita ekki um (t.d. getur „ofbeldi“ verið bæði líkamlegt og andlegt, því getur verið beitt eða hótad; „fötlun“ getur verið líkamleg, geðræn eða sálræn/félagsleg). Sum hugtök skilja börn aðeins óljóst og þurfa á ákveðnum dæmum að halda (t.d. „misnotkun“, „menning“, „misþyrming“, „vanræksla“). Fáðu börnin til að nefna dæmi úr eigin lífi.

- |  |  |
|--|--|
| ■ „Að beita rétti sínum“   | ■ Klám                                 |
| ■ „Eftirlit með aðstæðum“  | ■ Menning / hefðir                     |
| ■ „Líkamlegur, vitsmunalegur, andlegur, siðferðilegur og félagslegur þroski“ | ■ Misnotkun                            |
| ■ „Skráning þegar eftir fæðingu“   | ■ Misþyrming / ill meðferð / vanræksla |
| ■ „Sæmd og mannorð“  | ■ Næringarrík fæða                     |
| ■ „Viðurkenndur aðili að lögum hvar í heimi sem er“                          | ■ Ofbeldi                              |
| ■ Almannatryggingar  | ■ Réttarfar í sakamálum ungmenna       |
| ■ Einkalíf   | ■ Samtök                               |
| ■ Endurhæfing  | ■ Sjálfsmynd                           |
| ■ Fjölmíðlar   | ■ Stéttarfélag, samtök                 |
| ■ Frelsissvipting  | ■ Stjórnvöld                           |
| ■ Fötlun   | ■ Stríðshrjáð svæði                    |
| ■ Heilbrigðisstarfsfólk  | ■ Tómsundur                            |
| ■ Hernaður / ófriður   | ■ Vændi                                |
|  | ■ Þjóðerni                             |

Börnin hafa ekki þörf fyrir svona nákvæmar upplýsingar þegar þú segir þeim frá Barnasáttmálanum. En eftir því sem þau læra meira um mannréttindi skaltu leita leiða til að auka skilning þeirra á hlutunum eða leiðrétta misskilning þegar þú verður vör/var við slíkt. Gríptu hvert tækifæri sem gefst til að fræða þau.

## Verkefni valin

Kennarinn/leiðbeinandinn þarf að huga að ýmsum atriðum þegar hann velur hvaða verkefni skal vinna. Mikilvægustu atriðin eru:

1. **Börnin:** Áður en verkefni eru valin þarftu að kynna börnunum sem eiga að leysa þau.
  - a. Á hvaða þroskastigi eru þau, hver eru áhugamál þeirra og námsstíll?
  - b. Eru einhver vandamál eða ágreiningur innan hópsins?
  - c. Standa þessi börn andspænis einhverjum sérstökum vandamálum í samfélaginu?
  - d. Hve mikið vita börnin nú þegar um mannréttindi? Sum verkefni bókarinnar gera til dæmis ráð fyrir að fjallað hafi verið um Barnasáttmálann.

En ekki er samt nauðsynlegt að þekkja svörin við öllum þessum spurningum áður en byrjað er á verkefnunum. Oft er best að kynna hópnum með því að fara í leiki!

2. **Markmiðið með náminu:** Sum verkefni má vinna í þeim tilgangi að auka almennan skilning á mannréttindum eða bara til gamans, en í flestum þeirra er bæði mögulegt og æskilegt að beina athyglinni að málefnum sem snerta börnin eða valda erfiðleikum innan hópsins, í samfélaginu eða heiminum almennt. Verkefni í *Litla-kompás* fjalla um eftirfarandi mannréttindamál:

- a. Borgaravitund
- b. Lýðræði
- c. Mismunur



- d. Menntun og tómstundir
- e. Umhverfismál
- f. Fjölskylduna og aðra umsjáraðila
- g. Kynjajafnrétti
- h. Heilbrigði og velferð
- i. Fjölmiðla og netið
- j. Þátttöku
- k. Frið og mannöryggi
- l. Fátækt og félagslega útskúfun
- m. Ofbeldi

Fjallað er ítarlega um þessi mannréttindamál í V. kafla, bls. 205.

**3. Samfella í náminu:** Ekki nægir að ljúka einu verkefni til að auka þekkingu og hæfni og hafa áhrif á gildismat og viðhorf. Veldu nokkur verkefni sem mynda saman flokk, byggjast annaðhvort á tilteknu mannréttindapema eða leggja drög að tiltekinni færni. Þennan verkefnaflokk mætti vinna á einum mánuði, einni námsönn eða heilu ári. Til dæmis er hægt að velja verkefni sem falla inn í kennslugreinar sem eru á námskrá eða fjalla um málefni sem eru á döfnni hjá hópnum eða í samfélaginu almennt.

En í öllu falli skal gæta jafnvægis í verkefnavali og hugsa fyrst og fremst um það sem börnin þurfa á að halda. Fjölbreyttar aðferðir gera verkefni ekki einungis skemmtilegri heldur gera börnunum kleift að nota skilningarvitin og tilfinningarnar ekki síður en skynsemina í námi sínu. Þess vegna eru ýmiss konar tækni og aðferðir í boði í bókinni (t.d. er spjallað saman, sagðar sögur, farið í hermi-leiki, settir upp leikþættir, farið í borðspil, teiknað og málað, farið í hópakeppni).

Til að auðvelda valið enn frekar er tafla á bls. 52 þar sem finna má nánari upplýsingar um öll verkefni bókarinnar.

## Verkefni löguð að aðstæðum

Notaðu *Litla-kompás* eins og uppskriftabók. Líkt og góðir kokkar ættu kennarar og leiðbeinendur ekki að hika við að breyta „innihaldi“ einhvers verkefnis og laga það að tímaramma, efnivið og stærð, færni og aðstæðum hópsins. Flestum verkefnum fylgja ábendingar um hvernig hægt sé að breyta þeim.

Gættu þess að í hverjum hópi barna mætirðu ýmiss konar námsstílum og mismunandi getu. Það er auðveldara fyrir þig sem kennara/leiðbeinanda að bjóða börnunum upp á alls konar námsleiðir heldur en fyrir börnin að laga sig að einni tiltekinni aðferð sem þú fyrirskipar. Verkefni sem er til dæmis byggt á raunverulegum vandamálum, svo sem „Fréttaumfjöllun um mannréttindi“, bls. 86, getur verið „raunsæismönnum“ að skapi en pirrað „hugmyndasmiðina“. Hægt er að breyta verkefninu þannig að það krefjist meiri greiningar með því að bera saman mismunandi umfjöllun hinna ýmsu fjölmiðla um sama vandamálið. Á sama hátt má laga ýmis verkefni að lestrar- og skriftarkunnáttu barnanna. Þú getur til dæmis séð um alla skriffinnskuna í verkefnum á borð við „Réttindi kanínunnar“, bls. 165, eða „Hver er fyrir aftan mig“, bls. 104. Hægt er að finna upp á ýmsu til að fá börnin til að sýna hvað þau eru búin að læra. Þau gætu til dæmis teiknað, farið í látbragðsleik, skrifað dagbók eða unnið tvö og tvö saman að því að setja fram hugmyndir sínar.

Afar mikilvægt er að vanda til við val og breytingar á verkefnum til að tryggja að börn með sérþarfir, innflytjendur, flóttamenn og börn sem dvelja á stofnunum, verði ekki út undan og taki jafn mikinn þátt og hin börnin. Forðast skal að draga fram mismunandi aðstæður barnanna, slíkt getur valdið sársauka.





Gættu sérstaklega vel að sérþörfum fatlaðra barna og og settu þau ekki í þá aðstöðu að „samþykkja“ eitt-hvert verkefni sem þau geta ekki tekið þátt í til jafns við aðra. Þegar þú veist að eitt-hvert barn í hópnum er fatlað skaltu laga verkefnið að þörfum þess en gera ekki ráð fyrir að barnið lagi sig að verkefninu. Meðal þess sem hægt er að gera fyrir fötluð börn má nefna:

- Nota ekki rauða og græna liti. Litblind börn eiga erfitt með að greina á milli þeirra.
- Sjónskert börn þurfa að fá leiðbeiningar og dreifiblöð með blindralettri.
- Staðsettu börn sem geta ekki hreyft sig þannig að þau geti verið sem virkust.
- Notaðu myndir og skrifaðar leiðbeiningar fyrir heyrnarskert börn til að þau geti líka verið með.

## Ábendingar um hvernig efla má þátttöku

Reyndir kennarar og leiðbeinendur geta fengið öll börn til að taka fullan þátt, jafnvel þau sem eru feimin og óframfærin. Hér eru nokkrar tillögur:

- Umorðaðu spurningar nokkrum sinnum þar til þú ert viss um að allir hafi skilið þær.
- Orðaðu hlutina á skýran hátt sem börnin skilja; forðast skal fagmál eða slangur.
- Gættu þess að öll samskipti komist til skila (spyrðu t.d. „Var þetta nógu skýrt?“ fremur en „Skilduð þið þetta?“).
- Spyrðu opinna spurninga sem ekki nægir að svara einungis játandi eða neitandi (ekki spyrja „Fannst þér þetta skemmtilegt verkefni?“ heldur „Hvernig fannst þér þetta verkefni?“)
- Settu grunnreglur um umræður (t.d. að ekki skuli grípa fram í fyrir öðrum heldur rétta upp hönd til að biðja um orðið).
- Dragðu þögnul börn út úr skelinni með því að biðja þau að segja frá einhverju en þvingaðu aldrei barn til þátttöku.
- Skipaðu börnunum í ýmis hlutverk í hópvinnum til að tryggja að allir taki jafn mikinn þátt (t.d. í hlutverk tímavarðar, umsjónarmanns með efnivið, sögumanns, ritara).
- Leggðu áherslu á að hvert einasta barn leggi sitt af mörkum í verkefnavinnunni.
- Gefðu stutt yfirlit yfir stöðuna með jöfnu millibili eða fáðu börnin til að gera það.
- Útskýrðu verkefni vandlega áður en byrjað er á því svo að börnin viti hvað er í vændum.
- Settu verkefnið sem verið er að vinna að í samhengi við verkefnið sem búið er að leysa og þau sem fram undan eru.
- Gættu þess vel að verkefnavinna geri ekki börnin að athlægi, valdi þeim vandræðum eða hafi einhverjar afleiðingar fyrir þau heima hjá þeim.
- Reyndu að fá aðra kennara/leiðbeinendur til aðstoðar eftir föngum og auka þannig möguleika barnanna á að kynnast einhverjum þeirra vel og þar með fleiri kennslu- og námsstílum.
- Gerðu þér ljóst að enginn kennari/leiðbeinandi getur stjórnað atburðarásinni til fulls eða fylgst með öllum börnunum hverja stund. Vertu vakandi fyrir öllu án þess þó að hafa of miklar áhyggjur.

## Ábendingar um hlutverk kennara/leiðbeinenda

Allir kennarar/leiðbeinendur þurfa að hafa ýmsar aðferðir og leiki á takteinum við tiltekna aðstæður. Oft kemur að gagni að hvetja hópinn til dáða, fá börnin til að byrja á einhverju, ná athygli þeirra, draga úr streitu eða móttþróa, vekja traust þeirra og áhuga eða hreinlega hrísta hópinn saman og skemmta sér svölítið.

Hér eru nokkrar gagnreyndar aðferðir. Ýmsar aðrar aðferðir má finna á netinu, svo sem á vefsvæðum á borð við Salto-Youth Support Centre: [www.salto-youth.net](http://www.salto-youth.net)



## Ísbrjótur / Kynningarleikir / Upphitun

Til að hrista hópinn saman og skapa samstöðu.

- **Hópsýning:** Segðu börnunum að koma með einhvern hlut að heiman sem þau halda sérstaklega upp á. Hvert barn á að lýsa sínum hlut. Hann fer síðan á sýningu sem hópurinn heldur.
- **Ég líka!:** Segðu börnunum að þau eigi að finna þá sem þau eiga eitthvað sameiginlegt með. Nefndu síðan nokkur atriði (t.d. fæðingarmánuð, fjöldi systkina, o.s.frv.). Við réttar aðstæður skaltu nefna viðkvæmari atriði (t.d. trúarbrögð, tungumál, litarhátt).
- **Tónlistarstólar:** Raðaðu stólum í hring og segðu börnunum að setjast. Stattu í miðjum hringnum og útskýrðu fyrir þeim að nú ætlir þú að segja hvað þú heitir og lýsa einhverju yfir um sjálfa(n) þig. Þegar þú gerir það eiga allir sem yfirlýsingin á líka við um að skipta um sæti. (t.d. „Ég heiti X og ég er örvhentur“, „Ég heiti X og ég á kött“ eða „Ég heiti X og \_\_\_ er ekki uppáhaldsmaturinn minn“). Reyndu sjálf(ur) að næla þér í sæti. Sá/sú sem ekki nær sér í sæti endurtekur svo leikinn og segir eitt-hvað um sjálfa(n) sig. Þessu er haldið áfram þar til flest barnanna hafa fengið tækifæri til að kynna sig á þennan hátt.
- **Andlitsmyndir:** Raðaðu börnunum tveimur og tveimur saman og láttu þau fá blað og blýant. Segðu þeim að þau eigi að teikna í fljótheitum mynd hvort af öðru og spyrja hvort annað nokkurra spurninga (t.d. um nafn, áhugamál, eitthvað óvænt) sem koma eigi fram á myndinni. Gefðu þeim bara stuttan tíma til að ljúka þessu og hvettu þau til að hafa mynd og texta eins stórt og mögulegt er. Síðan eiga börnin að sýna myndina sína og kynna „fyrirsætuna“ fyrir hópnum. Hengdu svo myndirnar upp þar sem allir geta séð þær, svo að þau verði fljót að læra nöfnin.
- **Teymisvinna:** Skiptu börnunum í litla hópa og gefðu þeim tíma til að finna út hvað þau eiga sameiginlegt (t.d. menningu, útlit, persónulegan smekk, áhugamál). Hver hópur á að gefa sér nafn í samræmi við þau atriði sem eru þeim sameiginleg. Hver hópur kynnir sig síðan fyrir hinum og greinir frá nafninu sínu.

## Orkugjafir

Til að auka eða endurnæra orkuna.

- **Keðjan:** Segðu börnunum að standa í hring með lokuð augu. Færðu þau til og láttu þau halda fast hvert í annað þannig að þau myndi hnút. Segðu þeim síðan að opna augun og reyna að losa sig án þess að sleppa hendinni af neinum.
- **Flugeldar:** Láttu litla hópa herma eftir flugeldum með hljóðum og hreyfingum. Sumir eru bombur sem hvæsa og springa. Aðrir er púðurkerlingar sem klappa saman lófum. Enn aðrir eru „snákar“ sem snúast í hringi o.s.frv. Láttu hvern hóp fyrir sig sýna listir sínar og síðan heldur allur skarinn stóra sýningu.
- **Hópseta:** Segðu börnunum að standa í hring og snúa tánum saman. Segðu þeim svo að setjast án þess að tengingin milli tánna rofni. Ef ekki brýtur í bága við menningarlegar siðvenjur gætu börnin líka staðið í hring, hvert aftan við annað, með hendurnar á öxlum næsta manns. Þegar þau setjast þannig niður situr hver og einn á hnjám þess sem var fyrir aftan. Í hvorugu tilvikinu hentar þetta þó ef í hópnum er líkamlega fatlað barn.
- **Regnskógurinn:** Stattu í miðjum hópi barnanna og segðu þeim að herma eftir þér, gefa frá sér alls konar hljóð og hreyfa sig þannig að það minni á eitthvað úti í skógi (t.d. fugla, skordýr, þyt í laufi, vindinn sem blæs, dýr sem „kallast á“) með því að smella með fingrunum, banka á magann, klappa saman lófum og líkja eftir dýrum. Kliðurinn kemur til með að minna á regnskógarhljóð.
- **Hljóðlátt dagatal:** Segðu börnunum að raða sér upp í röð eftir fæðingardegi sínum og mánuði. En þau mega ekki segja neitt á meðan þau gera það. Hægt er að gera slíkt hið sama með því að nota skó-



stærð, fjölda tíma sem horft er á sjónvarp á viku, eða einhverjum öðrum persónulegum upplýsingum sem gaman er að.

- **Stormurinn:** Úthlutaðu litlum hópum mismunandi hljóðum og hreyfingum (þar sem líkja skal t.d. eftir vindi, rigningu, eldingu, þrumu). Segðu svo frá þegar vindurinn fer að blása og stjórnáðu hópnum sem gefa frá sér hljóð eins og hljómsveit (t.d. „Og svo leiftrar elding! Og svo heyrst þrumugnýr!“) þegar stormurinn brestur á.
- **Þrír hringir:** Segðu börnunum að standa í hring og velja sér í huganum annan þátttakanda, án þess að ljóstra upp hver það sé. Skýrðu fyrir þeim að þegar þú segir „Nú“, þá eigi þau að hlaupa þrisvar í kringum þann sem þau völdu. Algjör ringulreið myndast, en þetta er bráðskemmtilegt því að jafnframt því sem hver og einn hleypur á eftir einhverjum er hlaupið á eftir honum sjálfum.
- **Í björgunarbátana!** Sýndu fyrst hvernig „björgunarbátur“ lítur út: tveir einstaklingar haldast í hendur og mynda þannig bátinn; farþegarnir standa inni í hringnum sem þessir tveir aðilar mynda. Segðu svo að allir séu að fara í sjóferð: „Í fyrstu er sjórinn lygn og allir njóta ferðarinnar. En allt í einu rekst skipið á sker. Allir verða að fara í björgunarbát, þrír í hvern (eða einn, eða fjórir, o.s.frv.).“ Börnin keppast þá við að búa til „björgunarbáta“ og ná í réttan fjölda farþega. Yfirleitt „drukknar“ einhver. Segðu síðan börnunum að snúa aftur um borð í skipið og haltu áfram með söguna. „Nú siglir skipið áfram í rólegheitum en skyndilega skellur á fárviðri. Skipið er að sökkva. Allir í björgunarbátana, tveir í hvern.“ Haltu svona áfram þar til búið er að „bíða skipbrot“ nokkrum sinnum.

## Vangaveltur og mat

Í dagslok eða að verkefni loknu.

- **Boltaleikur:** Börnin kasta bolta á milli sín. Sá sem grípur boltann á að nefna eitt atriði sem hann eða hún hefur lært af verkefninu eða getur notfært sér á einhvern hátt.
- **Sameiginlegt yfirlit:** Berðu fram yfirlitsspurningu (t.d. „Hvað haldið þið að verði ykkur minni-stæðast eftir verkefni dagsins?“) eða opna staðhæfingu (t.d. „Látið ykkur detta í hug eitthvert orð eða setningu sem lýsir stuttlega tilfinningum ykkar að degi loknum“ eða segðu „Ég er enn að velta fyrir mér ...“). Láttu börnin svara eitt af öðru.
- **Tilkynningatafla hópsins:** Eitt barn af öðru setur eina mynd eða eitt orð á sameiginlega töflu og útskýrir hvers vegna það segi eitthvað mikilvægt í sambandi við eitthvað sem því finnst eða hefur lært.
- **Friðardúfunni sleppt:** Þú lætur sem þú haldir á einhverjum mikilvægum hlut (t.d. fugli, nýfæddu barni) og um leið og hann er látinn ganga á milli barnanna mega þau segja eitthvað við hann. Þegar „hluturinn“ er búinn að ganga á milli allra safnast börnin saman í þéttan hnapp og sleppa honum í sameiningu.

## Ágreiningur leystur

Tekist á við ágreining innan hópsins eða óánægju einhverra barna.

Óhjákvæmilegt er að ágreiningur rísi um tilfinningar og gildismat þegar fjallað er um málefni á borð við mannréttindi, einkum þegar unnið er að óformlegum verkefnum á borð við þau sem eru í þessari bók og ætlað er að höfða til tilfinninga barna jafnt sem skynsemi. Slíkur ágreiningur þarf ekki að hafa neikvæð áhrif og reyndur kennari/leiðbeinandi getur jafnvel umbreytt honum í uppbyggilega reynslu. Að læra að leysa ágreining er eitt það mikilvægasta sem börn geta lært í lífinu og er höfuðatriði ef takast á að skapa mannréttindamenningu í veröldinni almennt. Hér eru nokkrar hugmyndir:

- **Ágreiningur í sjónmáli:** Þegar þú ert að undirbúa verkefnavinnuna skaltu velta fyrir þér hugsanlegum ágreiningi eða óánægju sem upp kann að koma í hópnum eða hjá einstaka barni. Er málefnið, reglurnar eða hugtökin of viðkvæmt mál fyrir einhver börn eða jafnvel öll börnin?





- **Ekki vekja upp ágreining en vίκtu þér heldur ekki undan þegar hann kemur upp.**
- **Ekki telja víst að ágreiningurinn sé þér – eða einhverjum öðrum – að kenna.** Það er eðlilegt og óhjákvæmilegt að ágreiningur komi upp í öllum hópum. Hjálpaðu börnunum að setta sig við það og forðastu að kenna einhverjum um. Einbeittu þér að því að leysa málið en leita ekki að blóraböggli.
- **Ekki leiða hjá þér óþægilegar tilfinningar innan hópsins.** Viðurkenndu að þær séu til staðar og hjálpaðu börnunum að takast á við þær.
- **Taktu þér nægan tíma í samantekt og umræður** að hverju verkefni loknu svo að börnin fái möguleika á að lýsa líðan sinni, bæði gagnvart verkefninu og hvert öðru. Þar gefst þér ef til vill besta tækifærið til að sýna hvernig leysa skal ágreining.
- **Talaðu við hvert barn fyrir sig:** Oft eru tilfinningar barna of persónulegar og sársaukafullar til að rætt sé um þær innan hópsins. Þegar þú skynjar slíkt skaltu finna þér tækifæri til að tala við barnið undir fjögur augu og komast að því hvað veldur því slíkri vanlíðan. Segðu barninu að þú sért tilbúin(n) til að hlusta hvenær sem það er reiðubúið til að ræða um vandamálið.

Sjá einnig umfjöllunina um friðarfræðslu í V. kafla, bls. 261.

## Mannréttindamenntun í verki

Börn geta ekki fræðst um mannréttindi í umhverfi þar sem mannréttindi eru hvorki virt né kynnt. Það mikilvægasta sem þú getur gert til að barn skilji hvað felst í mannréttindum er að skapa víðeigandi aðstæður.

Hafðu regluna um hagsmuni barnsins í heiðri. Leystu til dæmis ágreining sem óhjákvæmilega kemur upp meðal barnanna með því að leggja áherslu á rétt allra til að taka þátt og segja skoðun sína, sem og að allir beri ábyrgð á því að samlyndi ríki innan hópsins og öllum líði vel. Láttu börnin sjálf taka þátt í að leysa ágreining.

Ekki mismuna neinum og vertu börnunum sú fyrirmynd sem þú vilt að þau læri af. Hafðu í huga að þrátt fyrir góðar fyrirætlanir sýnum við öll hlutdrægni sem á rætur í þeirri menningu sem við sprettum úr. Þessir fordómar og staðalmyndir koma skýrast fram í tengslum við kynjajafnrétti. Rannsóknir sýna að án þess að gera sér ljóst eða ætla sér það veita flestir kennarar drengjum meiri athygli og hvatningu en stúlkum. Sjáðu sérstaklega til þess að stelpurnar taki jafn mikinn þátt í öllum liðum verkefnanna. Ef þörf krefur skaltu beita jákvæðri mismunun.

Í hlutverki þínu sem kennari/leiðbeinandi vinnur þú að því að auka veg mannréttinda og *Litli-kompás* er verkfærið sem þú notar.

### Tilvísanir

- 1 *All different – All Equal*, Education Pack on ideas, resources, methods and activities for informal intercultural education with young people and adults, Evrópuráðið, 2004. bls. 122.

